

**Efni: Umsögn - tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar - 378. mál**

**Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, 378. mál.**

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 6. apríl 2017, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, 378. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

I.

Í upphafi telur Barnaverndarstofa rétt að taka fram að almennt eru þau atriði sem fram koma í tillögunni eru til þess fallin að efla barnaverndarstarf í landinu enda komu velflestir þeirra þátta sem áætlunin tilgreinir í upphafi frá Barnaverndarstofu. Kom stofan að gerð áætlunarinnar eftir að félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði þann 12. júní 2015 nefnd til að vinna hana, en stofan átti einn fulltrúa í umræddri nefnd.

Varðandi tillöguna í heild sinni telur Barnaverndarstofa nauðsynlegt að benda velferðarnefnd Alþingis á að útilokað er að hægt verði að hrinda í framkvæmd eða ljúka flestum þáttum svo umfangsmikillar áætlunar, sem spannar 15 mismunandi atriði, á um það bil einu ári, en áætluninni er ekki ætlað að gilda lengur en til 1. júní 2018. Er það í samræmi við ákvæði 3. mgr. 5. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 um að ráðherra skuli leggja fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fjörra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Eins og Alþingi er kunnugt um verða næstu sveitarstjórnarkosningar 28. maí 2018 og ber ráðherra í kjölfar þeirra kosninga að leggja fram nýja áætlun sem ætlað er að gilda það kjörtímabil.

Ber Barnaverndarstofa ábyrgð á ellefu þáttum af 15 sem tilgreindir eru í tillögunni og hefur Barnaverndarstofa hvorki fjármuni né starfslíð til að ráðast í svo umfangsmikil verkefni til viðbótar við hefðbundna starfsemi stofunnar á svo skömmum tíma. Má því telja öruggt að fæst þeirra verkefna sem tilgreind eru í umræddri tillögu muni ná fram að ganga á gildistíma áætlunarinnar.

Barnaverndarstofa hefur bent á að það sé vænlegra til árangurs að einskorða áætlun, sem ætlaður er svo skammur gildistími, við nokkra vel skilgreinda þætti sem mögulegt er að ljúka, eða komast nálægt því að ljúka, á gildistíma áætlunarinnar. Hefur Barnaverndarstofa í því sambandi bent sérstaklega á að hægt væri að ráðast í liði 1 (nýtt meðferðarheimiliá höfuðborgarsvæðinu), 5 (ESTER-matskerfi í Barnavernd, 7 (breytingar á barnaverndarlögum, með þeim breytingum sem raktar eru í lið 2 í kafla II hér að neðan) og kafla E (fósturmál, þ.e. liði 13 til 15).

II.

Í ljósi framangreinds telur Barnaverndarstofa ekki ástæðu til þess að fjalla efnislega um einstaka þætti tillögunnar ef frá eru taldir eftirfarandi atriði:

1. Heiti 4. liðs þarf að breyta, bæði í tillögunni sjálfri og í þeirri greinargerð sem fylgir með henni þar sem þar kemur fram að skoða eigi vinnulag í barnavernd þegar hið rétt er að skoða eigi vinnuálag í barnavernd. Væntanlega er hér um prentvillu að ræða, sem rétt er að breyta í meðförðum þingsins þar sem það er villandi að nota orðið vinnulag í þessu sambandi, sem varðar allt annað en fjallað er efnislega um í umræddum lið.

2. Breyta þarf liðum 7 – 9 tillögunnar, þar sem lagt er til að skipaður verði starfshópur um breytingar á barnaverndarlögum og að tillögur um breytingar á sömu lögum til þess að festa MST fjölkerfameðferð og starfsemi Barnahúss í sessi.

Efnislega gerir Barnaverndarstofa ekki athugasemdir við liðina en telur rétt að benda á að um er að ræða gríðarstórt verkefni sem meðal annars er ætlað að breyta í grundvallaratriðum verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, sem hefur verið í megindráttum eins frá því að fyrst voru sett heildarlög um barnaverndar á Íslandi á árinu 1932.

Telur Barnaverndarstofa útilokað að hægt verði að skipa starfshóp sem skilað geti tillögur um slíka breytingu á einu ári, þ.e. fyrir 1. júní 2018. Heppilegra sé að umræddum hópi verði falin raunhæf markmið og telur stofan í því sambandi rétt að leggja til að lið 7 verði breytt þannig að Alþingi ákveði að skipan starfshóps sem verði fram til 1. júní 2018 falið að kortleggja og greina hvaða þáttum gildandi barnaverndarlaga er rétt að breyta, m.a. með tilliti til hugsanlegrar verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga, og hópnun verði jafnframt falið að meta hvort rétt sé að ráðast í heildarendurskoðun á barnaverndarlögum, sem Barnaverndarstofa telur tímabært að gera. Liði 8 og 9 mætti þá fella út úr tillögunni, og jafnvel 10. lið líka.

Að auki telur Barnaverndarstofa mikilvægt að Samtök félagsmálastjóra sé meðal samstarfsaðila þar sem þar liggur þekking á vinnslu barnaverndarmála. Ef samstarfsaðilarnir eru of margir telur stofan heppilegra að það félag eigi aðkomu að málinu fremur en Samband íslenskra sveitarfélaga, sem hefur í raun enga aðkomu að efnislegri vinnslu barnaverndarmála og takmörkuðu hlutverki að gegna í málaflokknum.

### III.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir  
lögfræðingur Barnaverndarstofu